

# RÍKISSAKSÓKNARI

HMG/kb

Reykjavík, 22. febrúar 2018

Mál endurupptökunefndar nr. 19/2017

Ríkissaksóknara gaf 28. júlí sl. umsögn um endurupptökubeiðni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar á dómi Hæstaréttar í máli nr. 74/2012.

Tilfni endurupptökubeiðnarinnar var dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 22007/11 frá 18. maí sl. þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn 4. gr. 7. samningsviðauka við Mannréttinasáttmála Evrópu í máli þeirra. Þykir ekki ástæða til að rekja efni dómsins.

Ríkissaksóknari taldi sterk rök hníga í þá átt að heimila bæri endurupptöku dómsins vegna framangreindra ástæðna, yrði það niðurstaða Hæstiréttur Íslands að fallist yrði á niðurstöðu Mannréttindadómstólsins. Var bent á að hafa þyrfti í huga að niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu hefur ekki bein réttaráhrif á Íslandi, þótt líklegt yrði að teljast að Hæstiréttur Íslands mundi leggja túlkun Mannréttindadómstólsins til grundvallar eftirleiðis. Var upplýst að fyrir Hæstarétti Íslands væri rekið mál sem var nr. 283/2016. Málflutningur í málinu fór fram 4. september sl. og var dómur Hæstaréttar skipaður 7 dómurum. Var talið líklegt að með þessum dómi yrði vafa að nokkru eytt um réttarstöðuna á Íslandi að þessu leyti. Var mælt með að beðið yrði með afgreiðslu beiðnar þessarar þangað til niðurstaða lægi fyrir í máli nr. 283/2016.

Var talið að kæmist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að staðfesta túlkun Mannréttindadómstólsins yrði að telja að slíkt vægi þungt í þá átt að rétt væri að heimila endurupptöku dómsins í máli nr. 74/2014. Ríkissaksóknari áskildi sér rétt til að koma að frekari athugasemdum að gengnum dómi í ofangreindu máli. Dómur gekk í máli nr. 283/2016, í Hæstarétti 21. september sl. Dómurinn komst þó að þeirri niðurstöðu í þessu máli að ekki hafi verið brotið gegn 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Ræðst það af atvikum þess máls. Leggur Hæstiréttur til grundvallar niðurstöðu sinni fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu um túlkun á 4. gr. 7. samningsviðaukans. Eru í dóminum rakin sjónarmið sem fram koma í ofangreindu máli Jóns Ásgeirs og Tryggva og þó einkum í dómi í máli A og B gegn Noregi frá 15. nóvember 2016. Ríkissaksóknari telur einsýnt að Hæstiréttur hafi lagt skýra línu um það að um túlkun 4. gr. 7. samningsviðaukans verði eftirleiðis fylgt þessum fordæmum Mannréttindadómstólsins, fyrir íslenskum dómstólum. Þykir þessi niðurstaða að álitu ríkissaksóknara styðja vægi dóms Mannréttindadómstólsins í máli Jóns Ásgeirs og

Tryggva að íslenskum rétti og að ekki gefa annað til kynna en að Hæstiréttur telji að brotið hafi verið gegn rétti þeirra samkvæmt 4. gr. 7. sammingsviðaukans.

Helgi Magnús Gunnarsson  
vararíkissaksóknari



Endurupptökunefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

*Afrit:*

*Gestur Jónsson lögmaður, Mörkin lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík*